

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0037
SS

Efni: Umsögn um beiðni um undanþágu fyrir veiðar á kaninum.

Við er í tölvubréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu dagsett þann 19. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um beiðni Grímsnes- og Grafningshreppar um að hljóta undanþágu frá lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum til þess að geta brugðist við ágangi kanína í sveitarfélaginu.

Um er að ræða stofn kanína í Þrastaskógi sem hefur stækkað á undanförunum árum og virðist vera að breiða úr sér. Ekki liggja fyrir tölur um stærð stofnsins eða hversu mikið hann hefur stækkað en sterkar vísbendingar eru um að sú stækkun sé umtalsverð. Töluvert hefur verið kvartað undan tjóni af völdum kanína. Óskað er eftir því að meindýraeyðar fá að vinna skipulega að því að veiða kanínur með skotvopnum ef að félög sumarhúsaeigenda á mismunandi sumarhúsasvæðum samþykki slíkt þar sem um er að ræða einkalönd og -lóðir. Sveitarfélagið myndi hafa yfirumsjón með verkefninu og skrifa skýrslur um framvindu þess og árangur í samráði við verktaka sem ráðnir yrðu til veiða.

Áður hafa verið veittar undanþágur til sveitarfélaga til að bregðast við aukningu og tjóni kanína og hefur Náttúrufræðistofnun veitt ráðgjöf um slíkar undanþágubeiðnir t.d. frá Akureyri, Árborg, Mosfellsbæ og Reykjavík. Það er afstaða Náttúrufræðistofnunar að kanínur sem lifa villtar í íslenskri náttúru teljist framandi tegundir þar sem þær eru gæludýr sem hefur verið sleppt eða afkomendur þeirra. Stofnunin leggst ekki gegn því að villtum stofnum kanína sé haldið í skefjum, eða þeim útrýmt þar sem þeir finnast, með því að fanga og fjarlægja eða aflífa kanínurnar. Til að slíkar aðgerðir nái árangri er æskilegt að safna góðum gögnum um fjölda og útbreiðslu kanínanna og meta vandlega tjón af þeirra völdum. Þá verður að beita mannúðarlegum aðferðum við að fanga og aflífa kanínur og tryggja að ákvæði laga um velferð dýra nr. 55/2013 séu með öllu uppfyllt.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

